



Til forsætisnefndar
Frá skrifstofu Norðurlandaráðs
Efni Viðmiðunarreglur um fund forsætisnefndar 15. desember 2020 þar sem forsætisnefnd kemur fram fyrir hönd þingfundar (Skjal 2c/2020) – *Kemur í stað „Reglna um þingsköp 2020“*

Viðmiðunarreglur um fund þar sem forsætisnefnd kemur fram fyrir hönd þingfundar (skjal 2c/2020)

Fundarstjórn

Formennska Norðurlandaráðs stýrir fundinum.

Ræðutími

Þingmönnum Norðurlandaráðs gefst 3 mínútna ræðutími til skýrslugjafar, umfjöllunar eða kynningar tillagna.

Ræðutími þingmanna fyrir aðrar ræður er 2 mínútur.

Fulltrúum ríkisstjórnanna gefst 3 mínútna ræðutími til greinargerða, umfjöllunar eða kynningar tillagna Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ræðutími fulltrúa ríkisstjórnanna fyrir aðrar ræður er 2 mínútur.

Spurningar/andsvör

Þingmönnum Norðurlandaráðs og fulltrúum ríkisstjórnanna gefst kostur á að bera upp spurningu eða veita andsvar við ræðum.

Ræðutími fyrir spurningar eða andsvör er 1 mínúta.

Sá sem andsvari er beint til fær tækifæri til að svara í beinu framhaldi af því.

Ræðutími fyrir svör við spurningum eða andsvörum er 1 mínúta.

Röð ræðumanna

Formennskan sér til þess að talsmönnum flokkahópa verði – ef kostur er – veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna.

Heimild til að ljúka umræðum

Tilkynntir dagskrárliðir fá þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið.

Formenskunni er heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn.

Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla fer fram rafrænt að loknum hverjum dagskrárlið.

**Túlkun**

Túlkað er frá dönsku/norsku/sænsku á finnsku og íslensku og öfugt.

Fyrirkomulag fundar

Fundurinn er lokaður og verður honum hvorki streymt né hann tekinn upp.

Fundargerð

Forsætisnefnd færir ákvarðanafundargerð. Ekki verður færð tæmandi skrifleg fundargerð um flutt erindi en umræðan verður skráð í fundargerðinni í formi stuttrar samantektar.